

Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði fimmtudaginn, 6. febrúar 2014 klukkan 17:00

Mætt eru: Þorsteinn, Kristlaug, Þorgerður, Óskar, Einar, Edda Kamilla

Boðuð forföll: Sigurður, Svanbjört,

Dagskrá:

Fundur númer 732.

1. Fundur settur
Óskar setti fundinn.
2. Fundargerð síðasta fundar.
Fundargerðin frá því 9. janúar samþykkt.
3. Innsend bréf.
 - a. Frá KSÍ, 14. jan. og 3. febrúar: Þinggögn vegna 68. ársþings KSÍ.
 - i. Sendar voru upplýsingar um fulltrúafjölda, kjörbréf, tillögur og kosningar.
Þingið er haldið hér á Akureyri 15. febrúar nk.
 - b. Frá ÍSÍ, 14. jan.: Lífshlaupið.
Sent til kynningar, verkefni ÍSÍ.
 - c. Frá UMFÍ, 15. jan.: Fundur með framkvæmdastjórum
UMFÍ er að bjóða framkvæmdarstjórum og starfsmönnum til fundar í Reykjavík, föstudaginn 7. febrúar. Dagskrá fundarins kynnt. Þorsteinn fer á fundinn.
 - d. Frá UMFÍ, 24. jan.: Vinnufundur um stefnumótun Landsmóta UMFÍ.
Samþykkt var á síðasta þingi UMFÍ, sem haldið var á Stykkishólmi í október sl. að halda áfram með stefnumótunarvinnu Landsmóta UMFÍ líkt og gert var á Húsavík sl. vor. 6 fundir verða haldnir um allt land og verður fundur hér á Akureyri 27. febrúar nk. Ekki komin nánari tímasetning á fundinn. Steini áframsendir póstinn á stjórnina.
 - e. Frá UMFÍ, 29. jan.: Heimsókn til aðildarfélaga.
Stjórnarmenn og starfsmenn ætla að heimsækja aðildarfélög á næstunni til að sjá hvað aðildarfélögin eru að gera og kynna þau verkefni sem að UMFÍ hefur í sínum höndum. Tímasetning er í höndum UMSE. Þorsteinn ætlar að ræða við Ómar Braga og athuga hvort að hægt sé að setja þennan fund í kringum vinnufundinn sem haldinn verður á Akureyri 27. febrúar nk.
 - f. Frá FRÍ, 31. jan.: 59. þing Frjálsíþróttasambands Íslands
Formlegt boð á 59. Þing Frjálsíþróttasambands Íslands sem haldið verður á Akureyri 21. og 22. mars nk.
 - g. Frá ÍSÍ, 3. febrúar.: Starfsskýrsluskil.
Bent er á að opið er fyrir starfsskýrsluskil. Búið er að senda áfram á aðildarfélögin.
 - h. Frá FRÍ, 5. feb.: Stefnumótun FRÍ
Bréf um stefnumótun FRÍ.

4. Styrkumsóknir – frestað fram yfir þing.
 - a. Barna- og unglingaráð GHD 8 einstaklingar vegna keppnisferðar.
 - b. Skíðafélag Dalvíkur, 3 einstaklingar.
 - c. Vinnureglur vegna styrkveitinga
Ákveðið var að fresta styrkumsóknum fram yfir ársþing vegna umræðu sem myndaðist á formannafundi sem haldinn var á Dalvík 30. janúar sl. um að hafa einhverjar vinnureglur í kringum styrkveitingar sem myndi halda aðeins betur utan um hversu miklu fé er veitt styrki fjárveiting og hvernig úthlutun á sér stað.
 - d. Áætluð fjárhæð 2014
5. Rekstur UMSE 2013
 - a. Útlit fyrir að það verði rúm 300.000.- í tekjuafgang.
 - b. Ástæður:
 - i. Ófyrirséðar hækkningar á lottó.
 - ii. Ófyrirséð lækkun á skrifstofukostnaði.
 - iii. Verulegar aðhaldsaðgerðir síðari hluta árs.
6. Formannafundur UMSE
 - a. Fundurinn var haldinn í Safnaðarheimilinu á Dalvík og var ágætis mæting. Góður fundur, spjallað um styrkveitingar og var fólk sammála um að það þyrfti að breyta því. Vinnureglur stjórnar í sambandi við styrkveitingar var mikið rætt. Stefnumótunin var kynnt fyrir formenn. Teknar voru nokkrar spurningar með aðildarfélögum og smá vinna með aðildarfélögum, þar sem gildin voru rædd sem hluti af okkar stefnu.
 - b. Ábending kom frá einu aðildarfélagi.
 - i. *Vil koma með eina ábendingu varðandi tímasetningu á formannafundum. Á þessum tíma eru væntanlega fæst félög búin að halda aðalfundi, en gera það líklega flest í feb. -apríl. Væri ekki betra að hafa formannafundi að haustinu, eða seinna að vori? Þegar í einhverjum tilfellum eru komnir nýjir formenn. ég er t.d. að hætta núna á aðalfundi, og var ekki byrjuð á formannafundi í fyrra.* Þessu var svarað til að hingað til hefði þessi fundur verið notaður til að undirbúa aðeins fyrir þingið. Jafnvel væri hægt að vera með vorfund og haustfund og meira samstarf við aðildarfélögin þegar kemur að til dæmis stefnumótunavinnu en það verður skoðað síðar.
7. Ársþing UMSE.
 - a. Tímasetning – 13. mars nk.
 - b. Boðsgestir – ÍSÍ, UMFÍ, Dalvíkurbyggð.
 - c. Tillögur – þurfa að vera dagsettar tveimur vikum fyrir þing.
 - i. Fjárhagsáætlun
 - ii. Íþróttamaður UMSE
 - iii. Fyrir næsta fund – skoða síðustu þinggerðir.
 - d. Veitingar – athuga á með nokkra aðila.
8. Íþróttamaður ársins.
 - a. Tímasetning – þriðjudagurinn 25. febrúar nk.
 - b. Staðsetning – Þorsteinn ætlar að athuga með Árskóg.

- c. Fyrirkomulag – verðlaunaafhending og léttar veitingar.
 - d. Boðun – Formleg bréf send.
 - e. Verðlaun – Merktar töskur auk samskonar og verið hefur í gegnum árin.
9. Umsókn um ULM
- a. Fyrsti fundur verður haldinn á mánudaginn 10. febrúar nk. á Dalvík.
10. Önnur mál.
- Óskar ætlar að ýta betur við uppstillingarnefnd.
 - Grjótglímufélagið eru ekki komnir inn í Felix og getur stjórn því miður ekki greitt þeim hluta af lottótekjum fyrir árið 2013.
 - Rekstraráætlun fyrir árið 2014 var lögð fram til kynningar.
11. Tilhögun næsta fundar.
- Næstu fundur ákveðinn fimmtudaginn 20. febrúar klukkan 17:00.
12. Fundarslit.
- Fundi slitið klukkan 19:02

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður